

# STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2002

11. apríl 2002

913

Nr. 288

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 251/2002 og um niðurfellingu reglugerða.**

1. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 251/2002 um brennsisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings falla niður orðin: af völdum ósons.

2. gr.

Reglugerð nr. 789/1999 um styrk kolmónoxíðs og fallryks í andrúmslofti, reglugerð nr. 790/1999 um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti, reglugerð nr. 792/1999 um blý í andrúmslofti og reglugerð nr. 793/1999 um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti falla úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 11. apríl 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

9. apríl 2002

Nr. 289

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl.,  
nr. 574/1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Umsækjandi um viðbótarvottorð, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

## 2. gr.

69. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

## 3. gr.

73. gr. orðist svo:

Frestur skv. 34. gr. einkaleyfalaga rennur út samtímis fresti vegna yfirfærslu skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir,  
nr. 575/1991, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

30. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Umsækjandi, sem búsettur er hér á landi, má hafa umboðsmann. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

## 2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 42. gr. orðist svo:

5) Nafn og heimilisfang umboðsmanns er ekki gefið upp.

## 3. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*